

Nd.

314. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um nýbyggingarráð, nr. 62 27. nóv. 1944.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: Reikningur þessi nefnist nýbyggingarreikningur, og skal hann færður sem sérstakur eignarliður á efnahagsreikning seðladeildarinnar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er hljóði þannig (og breytist greinatalan samkv. því):

a. (2. gr.). Seðladeildinni skal skylt, gegn ríkistryggðri innieign hjá þeim stofnum, er með sérstakri löggjöf er falið að sjá atvinnuvegum landsmanna fyrir lánum til kaupa á atvinnuteckjum erlendis, að lána þeim íslenzkan gjaldeyri í réttu hlutfalli við þá gjaldeyrisnotkun úr nýbyggingarsjóði, er leiðir af lánum þessara stofnana. Lán seðladeildarinnar sé sem næst sami hundraðshluti af beinni gjaldeyrisnotkun við kaup framleiðslutækjanna og lán stofnananna nema af heildarframkvæmdum þeim, sem lán eru veitt til.

b. (3. gr.). Vextir af hinum ríkistryggðu innieignum skulu vera 0.5% hærri en meðalvextir af hinum erlendu innstæðum nýbyggingarreiknings á því almanaksári, er lánið er veitt, þó aldrei lægri en 1.5%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brlt. og fylgja breytingartillögum við það. Frá ráðherra fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nýbyggingarráði og er sú undirstaða, sem frumvarpið um fiskveiðasjóð byggist á. Að öðru leyti visast til greinargerðar þeirrar og fylgiskjala, sem fylgja frumvarpinu um fiskveiðasjóð Íslands.

Ríkisstjórnin er sammála um, að tryggja beri sjávarútveginum stofnlán með hagkvæmum vaxtakjörum. Hins vegar er ágreiningur innan stjórnarinnar um það, á hvern hátt afla skuli lánsfjár í þessu skyni. Mun verða reynt að ná samkomulagi um það, meðan þingið fjallar um málid.